FUNDARGERÐ

370. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 13. okt. 2026 kl. 13:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Hólmfríður Rut Einarsdóttir (HRE), Helgi Ómar Bragason (HÓB) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ).

Af aðalmönnum eru Helgi Hlynur Ásgrímsson og Eiður Ragnarsson fjarverandi

Gestur á fundinum: Fjóla Sigurðardóttir, skrifstofustjóri (#1 og #2)
Magnús Jónsson, endurskoðandi (#6)
Skúli Vignisson, verkefnastjóri í fjarfundi (#7)

Formaður setti fundinn og stýrði honum.

Dagskrá:

1 Rekstraráætlun 2027
2 Fjárfestingaráætlun 2027 - 2030
3 Verkefnin – yfirlit og áherslur
   a) Markarland, Djúpavogi
   b) Lagarfell, Fellabæ
   c) Melshorn – hreinsistöð fráveitu
   d) Jarðhitaleit Seyðisfirði
   e) Dreifikerfi vatnsveitu Seyðisfjarðar - endurnýjunarþörf
   f) Jarðhitaleit Djúpavogi
   g) Jarðhitaleit Borgarfirði eystra
   h) Miðlunartankur á Borgarfirði
   i) Vatnsveita Eiðum
4 Atvik og uppákomur
5 Bílafloti HEF – tillaga framkvæmdastjóra
6 Gagnaveita HEF - framtíðarsýn
7 Rekstrarforsendur Fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar
8 Önnur mál
   a) Næsti fundur

Gengið til dagskrár:

---

1 Rekstraráætlun 2027

Fyrir fundinum liggur fjárhagsstaða félagsins eftir 8 mánuði 2026 og uppfærð útkomuspá 2026. Heildartekjur eru áætlaðar 1.130 mkr. Gjöld eru áætluð 675 mkr. Áætluð afkoma er 250 mkr.

Stjórn samþykkir framlagða útkomuspá.

Skrifstofustjóri hefur stillt upp rekstraráætlun fyrir 2027, sem liggur fyrir fundinum. Áætlunin byggir á ákvörðun fundar #369 um breytingar á gjaldskrá 1.1.2027.

Heildartekjur áætlaðar 1.116 mkr. Gjöld eru áætluð 633 mkr. Rekstrarniðurstaða ársins eftir skatta er áætluð 259 mkr.

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi fjárhagsáætlun.

2 Fjárfestingaráætlun 2027 - 2030

Drög að fjárfestingaáætlun 2027-2030 liggur fyrir.

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi fjárfestingaáætlun 2027 og samþykkir til fyrri umræðu eiganda 3ja ára áætlun 2028-2030:

Ár	2026*	2027	2028	2029	2030
Áætlun um framkvæmdir [M.kr.]	**741**	**978**	**894**	**702**	**742**
Nettó fjárfesting [M.kr.]	**628**	**713**	**803**	**618**	**473**

**) Útkomuspá fjárfestinga 2026*

Áætlun um framkvæmdir skiptist þannig milli veitnanna fyrir árið 2027:

- Hitaveita 292 milljónir kr.
- Vatnsveita 136 milljónir kr.
- Fráveita 252 milljónir kr.
- Gagnaveita 4 milljónir kr.
- Fjarvarmaveita 293 milljónir kr.

3 Verkefnin – yfirlit og áherslur

Helstu verkefni á framkvæmdastigi:

a) Markarland, Djúpavogi

Unnið er að því að koma fyrir þurrhólfs dælubrunni við gatnamót Markarlands og Víkurlands. Verkinu ætti að ljúka að mestu í næstu viku.

b) Lagarfell, Fellabæ

Lagnavinnu lýkur á næstu dögum. Malbikað verður fyrir lok októbermánaðar.

c) Melshorn – hreinsistöð fráveitu

Tengingar inn á sniðræsi ganga skv. áætlun. Tengingu við Mánatröð að ljúka og þá er Einbúablá ein eftir. Reiknað er með að sú tenging klárist í næstu viku. Dælustöð hjá brennustæði er í undirbúningi. Verklokaskýrsla er í vinnslu.

d) Jarðhitaleit Seyðisfirði

Engin breyting frá síðasta fundi.

e) Dreifikerfi vatnsveitu Seyðisfjarðar - endurnýjunarþörf

Fjármunir hafa verið settir í áætlun til næstu 4 ára til endurnýjunar dreifilagna vatnsveitu.

f) Jarðhitaleit Djúpavogi

Engin breyting frá síðasta fundi.

Stjórn leggur áherslu á að verkinu verði framhaldið eins fljótt og verða má.

g) Jarðhitaleit Borgarfirði eystra

Borun á þriðju holunni er að ljúka og líklega verða þær bara 5 í heildina. Eftir er hola í þorpinu og hola út með firði austanverðum. Erfitt hefur reynst að finna góðan stað þar sökum bleytutíðar.

h) Miðlunartankur á Borgarfirði

Tæming og hreinsun miðlunartanks er áformuð seinni hluta október. Samhliða verða gerðar breytingar á tankinum til samræmis við nýtt tæknirými. Röskun á afhendingu á að ekki að verða, nema eitthvað óvænt komi upp.

i) Vatnsveita Eiðum

Vinna við uppfærslu búnaðar í tæknirými er í gangi.

4 Atvik og uppákomur

Ýmis atvik verða reglulega í rekstri félagsins, enda snertifletir ótal margir við umhverfi og samfélag. Þessi atvik eru dæmi frá síðustu vikum:

Staðsetning	Lýsing	Dags – upphaf og lok
Skriðdalur – Víná	Mikið úrrennsli úr ánni, gróf frá ljósleiðara. Lagfæring í undirbúningi, mögulegt samstarf við Vegagerðina.	2. október – í vinnslu.

5 Bílafloti HEF – tillaga framkvæmdastjóra

Tillögur framkvæmdastjóra liggja fyrir fundinum.

6 Gagnaveita HEF - framtíðarsýn

Magnús Jónsson endurskoðandi KPMG mætir til fundar. Framtíð gagnaveitunnar rædd ítarlega og ráðstöfun hennar. Magnús mun senda minnisblað um ferlið framundan og tillögur til afgreiðslu málsins, sem þarf að ljúka fyrir 1. desember nk.

7 Rekstrarforsendur Fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar

Stjórn ákveður að HEF veitur fari í tímabundið átak til að fjölga notendum fjarvarmaveitunnar á Seyðisfirði, sem lið í því að bæta rekstrarforsendur veitunnar.

8 Önnur mál

a) Fundatími stjórnar

Framkvæmdastjóra falið að kanna að breyta fundatíma stjórnar og boða næsta fund í samráði við stjórnarformann.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 16:55

Fundargerð ritaði: Ágústa Björnsdóttir

Undirritanir á næstu síðu.

Undirritað af:
Ívar Karl Hafliðason
1409814199
Dags: 15.10.2026
Tími: 10:20:14
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 32080bcf-7562-4e80-8301-5b727afaf43d

Undirritað af:
Ágústa Björnsdóttir
1508622569
Dags: 14.10.2026
Tími: 23:12:31
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 32080bcf-7562-4e80-8301-5b727afaf43d

Undirritað af:
Hólmfríður Rut Einarsdóttir
0806882969
Dags: 15.10.2026
Tími: 09:26:02
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 32080bcf-7562-4e80-8301-5b727afaf43d

Undirritað af:
Helgi Ómar Bragason
3007544739
Dags: 14.10.2026
Tími: 22:00:59
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 32080bcf-7562-4e80-8301-5b727afaf43d

Undirritað af:
Aðalsteinn Þórhallsson
3010682989
Dags: 14.10.2026
Tími: 21:57:32
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 32080bcf-7562-4e80-8301-5b727afaf43d